



Vísitala heildarlauna – breytt samsetning vinnuafls hefur áhrif á þróun

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði vísitala heildarlauna um 6,8% frá 3. ársfjórðungi 2019 til sama tíma 2020. Launavísitalan hækkaði um 6,5% á sama tímabili. Vísitala heildarlauna á almenna vinnumarkaðnum hækkaði um 8,4% á tímabilinu og um 6,1% á þeim opinbera. Launavísitala almenna markaðarins hækkaði um 6% á tímabilinu og um 8,1% á þeim opinbera.

Sé litið á allan vinnumarkaðinn er ekki mikill munur á hækkun launavísitölunnar og vísitölu heildarlauna á milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020. Launavísitalan mælir breytingu reglulegra fastra mánaðarlauna en vísitala heildarlauna breytingu heildar mánaðarlauna. Því mætti kannski reikna með að heildarlaunin myndu hækka meira en reglulegu launin í erfiðu árferði þegar vinnutími styttest. Þetta er samt ekki raunin þar sem vísitala heildarlauna hækkar meira en launavísitalan.


Mikill munur á milli markaða

Þróun heildarlauna og launavísitölu er mjög mismunandi milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Á almenna markaðnum hafa heildarlaunin hækkað mun meira en launavísitalan sem mælir föst laun. Á opinbera markaðnum hafa reglulegu launin hins vegar hækkað mun meira en heildarlaunin. Á þessu tímabili hafa áhrif kreppunnar á almenna vinnumarkaðinn væntanlega verið mun meiri en á þann opinbera. Þannig hefur vinnutími styst og starfsemi fyrirtækja verið stöðvuð til styttri eða til lengri tíma. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að heildarlaun hækki minna en launavísitalan, en svo er ekki. Niðurstaðan fyrir opinbera markaðinn kemur líka á óvart þar sem heildarlaunin hækka minna sem gæti bent til styttri vinnutíma.

Samsetning vinnuaflsins getur skipt máli


Á almenna markaðnum hafa atvinnuleysi, samdráttur og lokanir fyrirtækja verið mest í ferðapjónustu og tengdum greinum. Launastig í þessum greinum er að öllu jöfnu lægra en meðaltal á markaðnum. Það mætti því búast við að meðallaun á

Breyting launastærða milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launavísitala og vísitala heildarlauna



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



almenna markaðnum hækki meira en ella þar sem það fækkar í neðri enda tekjustigans.

Niðurstöðurnar fyrir almenna vinnumarkaðinn benda til þess að breyting samsetningar vinnuaflsins hafi haft áhrif á launaþróunina á þessu tímabili þar sem heildarlaunin hækka meira en reglulegu launin. Áhrif samsetningar vinnuafls gætu jafnvel verið meiri en sýnist þar sem þau virðast vega upp minni launabreytingar vegna styttri vinnutíma.

Mismunandi breyting heildarlauna á almenna markaðnum

Á bak við 8,4% hækkun heildarlauna á almenna markaðnum milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020 eru mismunandi breytingar, allt frá u.þ.b. 5% hækkunum upp í rúmlega 11%.

Hækkun heildarlauna er langmest í flutninga- og geymslustarfsemi, 11,3%, en áhrif faraldursins hafa verið mikil á þær atvinnugreinar og kann breytt samsetning vinnuafls að hafa haft áhrif þar. Heildarlaun í gisti- og veitingarekstri hafa hækkað um 9,1% á þessu tímabili. Þarna er líklegasta skýringin aftur að breyting á samsetningu vinnuaflsins hækki meðaltal á milli tímabila. Almennu starfsfólki á lægri enda tekjustigans fækkar, sem hefur áhrif á samanburð meðaltala.


Í fréttatilkynningu Hagstofu Íslands um launavísitölu frá 21. desember sl. kom fram að einna mestur samdráttur launasummu hefði komið fram í atvinnugreinunum rekstur gististaða og veitingarekstri og svo flutningum og geymslu. Það bendir til þess að hálaunastörf hafi fengið meira vægi þar sem lægra launaðir hópar hverfa af vinnumarkaði.

Sé hins vegar litið á greinar sem hafa orðið fyrir tiltölulega litlum áhrifum af kreppunni, eins og fjármála- og váttryggingastarfsemi og upplýsingar og fjarskipti eru breytingar heildarlauna minni en hækkun launavísitölu, sem gæti bent til styttingar vinnutíma í þeim greinum.


Mikil og mismunandi áhrif á vinnumarkaðinn

Það hefur einkennt þessa kreppu að atvinnuleysi hefur aukist verulega, en á sama tíma eru launahækkunar tölurverðar og kaupmáttur á mælikvarða launavísitölu með allra hæsta mótí. Þar sem launavísitalan mælir breytingu á föstum

Launabreytingar milli 3. árfj. 2019 og 2020



Breyting heildarlauna frá 3. ársfj. 2019 til 3. ársfj. 2020





reglulegum launum er hún ekki besta mælitækið til þess að mæla tekjubreytingar, þar er t.d. betra að nota vísitölu heildarlauna. Eins og fram hefur komið hér að framan er ekki mikill munur á þróun reglulegra launa og heildarlauna fyrir vinnumarkaðinn í heild.

En sé litið á hreyfingar á almenna vinnumarkaðnum og í einstökum atvinnugreinum má sjá merki um að breytt samsetning vinnuafls hafi áhrif á mat á launaþróun. Þar sem ætla má að stórir hópar úr lægri hluta tekjustigans hverfi á braut mælist meðalbreyting hópa meiri en ella.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.